

Skólanámskrá Núps



Sjálfstæði, Sköpun, Samvinna, Gleði



Inngangur

Leikskólinn Núpur hóf starfsemi 4. janúar 2000 og dregur nafn sitt af götunni sem hann stendur við. Í leikskólanum eru fimm deildir, Höfði og Brekka fyrir 4–5 ára börn, Hvammur og Þúfa fyrir 2–3 ára börn og Lundur fyrir 1–2 ára börn. Í leikskólanum geta dvalið allt að 99 börnum. Starf leikskólans byggir á þeirri sýn að börn séu virkir þátttakendur í eigin námi og hafi styrk, getu og rétt til að hafa áhrif á nærumhverfi sitt. Í Núpi eru einkunnarorðin sjálfstæði, sköpun, samvinna og gleði leiðarljós daglegu starfi. Þau móta samskipti, val á verkefnum, skipulagningu náms og skólabrag. Í daglegu starfi er leitast við að valdefla börn, hlusta á sjónarmið þeirra og skapa umhverfi sem styður við forvitni, ímyndunarafli og inngildinguna allra óháð uppruna.

Starfsemi leikskólans tekur mið af lögum um leikskóla nr. 90/2008, Aðalnámskrá leikskóla og námskrá Kópavogsbæjar fyrir leikskóla. Þessar stöðir móta faglega ábyrgð, gildi og markmið Núps og tryggja að börn fái öruggt, þroskandi og skapandi námsumhverfi þar sem sjálfssprottinn leikur er í fyrirrúmi.

Fjórða útgáfa skólanámskrár Núps er unnin í nánú samstarfi starfsfólks leikskólans og byggir á þriðju útgáfu. Vinnan fór fram á skipulagsdögum þar sem unnið var í hópum og allir starfsmenn tóku virkan þátt í mótun hennar. Foreldraráð las yfir námskránnar að lokinni vinnu og gaf umsögn áður en endanleg útgáfa var samþykkt.

Leiðarljós - sýn á nám barna



Leikskólaárin eru mikilvægur tími í námi og þroska barna. Í Núpi lítum við á börn sem hæfa, forvitna og virka þátttakendur í eigin námi. Lykilviðhorf í starfinu er að öll börn séu fullgildir þátttakendur í samfélagi leikskólans og fái tækifæri til að láta rödd sína heyrast. Við leggjum áherslu á inngildingu, þannig að hvert barn upplifi sig samþykkt, sýnilegt og tekið alvarlega á eigin forsendum.

Sjálfspróttinn leikur er leiðarljós í starfi Núps og aðalnámsleið ungra barna. Í leik rannsaka þau umhverfi sitt, vinna úr reynslu, prófa hugmyndir og læra í gegnum sköpun og samvinnu. Með því að gefa börnum tíma og rými til sjálfspróttins leiks styðjum við forvitni þeirra, frumkvæði og sjálfstæði.



Sýn leikskólans byggir á því að börn hafi rétt, getu og tækifæri til að hafa áhrif á eigið nám. Við hlustum á þau, fylgjum áhuga þeirra og búum til aðstæður sem næra gleði, þátttöku og skapandi hugsun.

Áhersla er lögð á sjálfræði barna, að þau verði sjálfstæð og ábyrg, þau nálgist viðfangsefni sín af forvitni og áhuga. Í daglegu starfi skal leitast við að valdefla börn og nálgast þau af virðingu. Þau fá tækifæri til að hafa áhrif á umhverfi sitt, raddir þeirra fá að heyrast og skoðanir þeirra eru virtar.

Lögð er áhersla á að börn læri að virða rétt annarra, hafi samkennd og sterka siðferðisvitund. Viðurkennandi samskipti skulu vera höfð að leiðarljósi með það fyrir augum að efla sjálfstæði barna og stuðla að jákvæðri sjálfsmynd.

Umfram allt er lögð áhersla á að gleði sé ríkjandi þáttur í starfi barnanna



Einkunnarorð leikskólans

Sjálfstæði

Markmið okkar er að:

- börn verði sjálfstæðir einstaklingar
- börn þekki sín takmörk í samskiptum við aðra
- börn geti valið sjálf þau viðfangsefni sem þau fást við
- börnum sé treyst til að taka ákvarðanir
- börn séu hvött til sjálfshjálpar
- börn læri að takast á við ágreining á uppbyggjandi hátt



Einkunnarorð leikskólans



Sköpun

Markmið okkar er að:

- börn verði skapandi og frjóir einstaklingar
- börn sjái möguleika, leiti lausna og sigrist á hindrunum
- börn fái notið sköpunargleði sinnar
- börn geti skapað á eigin forsendum og í samvinnu við aðra
- umhverfið ýti undir hugmyndaflug og skapandi hugsun í leik

Einkunnarorð leikskólans

Samvinna

Markmið okkar er að:

- börn læri samvinnu og hjálpsemi
- börn auki sjálfsþekkingu sína í samvinnu við aðra
- leikskólakennarar verði börnunum fyrirmynd í samvinnu og samhjálp
- samskipti einkennist af gagnkvæmri virðingu
- umhverfið hvetji til samvinnu barna.



Einkunnarorð leikskólans

Gleði

Markmið okkar er að:

- börn njóti leikskóladvalar sinnar
- leikskólakennarar stuðli að því að viðhalda gleði barnsins í sköpun og leik
- áhugahvöt barna sé höfð að leiðarljósi við val á verkefnum
- gleðin í verkefnum barnanna skipti meira máli en útkoman



Fræðilegur grunnur

Starfið í Núpi byggir á fræðilegum grunni sem styður við heildrænan þroska barna og virðir þau sem fullgilda þátttakendur í samfélagi leikskólans. Fjölgreindakenning Howards Gardner (Gardner 1983) er grunnstoðin sem starfið byggir á. Auk þess mynda kenningar valinna fræðimanna sameiginlegan grunn að faglegu starfi og hafa áhrif á hvernig við skipuleggjum námsumhverfi, samskipti og sjálfsprottinn leik barna.



Howard Gardner

Fjölgreindakenningin

Kenning Howard Gardner um fjölgreindir (Gardner, 1983) er meginstoðin í faglegu starfi Núps. Skipulag, efniviður, umhverfi og námssýn leikskólans tekur mið af henni. Gardner taldi að greind væri ekki eitt mælanlegt fyrirbæri heldur margbættur hæfileiki sem birtist á ólíkan hátt hjá hverjum og einum. Hann setti fram hugmyndina um að einstaklingar byggji yfir mörgum greindum, sem vinna saman á einstakan hátt í hverjum einstaklingi. Með því að viðurkenna fjölbreytta hæfileika barna má sjá styrkleika þeirra skýrar, mæta þeim betur og styðja þroska þeirra á eigin forsendum.



Gardner skilgreindi upphaflega sjö greindir. Hver greind hefur áhrif á hvernig barnið skilur heiminn og tjáir sig, hvort sem það er með hreyfingu, tali, tónlist, athugun, samvinnu, einbeitingu, rýmisvitund eða lausnaleit. Þetta þýðir að börn læra ekki öll á sama hátt og starfið á að taka mið af fjölbreyttum leiðum til náms.

Greindirnar eru:

- **Málgreind** Börn með sterka málgreind læra vel í gegnum sögur, samtöl, orðaleiki, vísur og verkefni sem byggja á tjáningu. Þau njóta þess að hlusta, segja frá, spyrja spurninga og vinna með tungumál á skapandi hátt.
- **Rök- og stærðfræðigreind** Þessi börn nálgast nám í gegnum flokkun, talningu, rökleiðslu, mynstur, tilraunir og lausnaleit. Þau dafna í verkefnum sem krefjast skipulags, niðurstöðu og kerfisbundinnar hugsunar.
- **Rýmisgreind** Börn með sterka rýmisgreind læra vel með því að teikna, byggja, raða, skoða myndir, kort og form. Þau skilja best þegar þau fá að vinna með rými, hlutföll, sjónrænar vísbendingar og mynstur.
- **Líkams- og hreyfigreind** Þessi börn læra best í gegnum hreyfingu, hlutverkaleiki, líkamsbeitingu og verkefni sem fela í sér framkvæmd. Þau læra best þegar þau fá að nota líkamann til að kanna, prófa og túlka efni.
- **Tónlistargreind** Börn með sterka tónlistargreind blómstra í verkefnum sem byggja á söng, hrynjandi, hljóðum og hljóðfærum.

- **Samskiptagreind** Þessi börn dafna í samvinnu, umræðum, hópverkefnum og hlutverkaleik. Þau læra best þegar þau fá að vinna með öðrum, miðla hugmyndum og lesa í tilfinningar eða merki í samskiptum.
- **Sjálfsþekkingargreind** Börn með þessa greind þurfa rými til ígrundunar, sjálfstæðrar vinnu og þess að þekkja eigið hlutverk í verkefnum. Þau tengjast námi þegar þau fá frið, tíma og tækifæri til að þróa eigin hugmyndir.
- **Umhverfisgreind** Þessi börn læra best í gegnum athuganir, útivist, náttúrutengd verkefni og könnun á plöntum, dýrum og umhverfi. Þau blómstra þegar námið snýr að náttúrufyrirbærum,



Í Núpi er fjölgreindakenningin notuð sem verkfæri til að greina styrkleika barna og byggja ofan á þá. Það birtist til dæmis í fjölbreyttum efniviði, opnum viðfangsefnum, skapandi verkefnum og sveigjanlegu skipulagi þar sem börn geta valið leiðir sem henta þeirra hæfni og þörfum.



Berit Bae-Tengslakeningar



Berit Bae leggur áherslu á að samskipti barna og fullorðinna byggist á virðingu, hlustun og rými fyrir rödd og sjónarhorn barnsins. Hún talar um mikilvægi „viðurkennandi samskipta“ þar sem börn upplifa að tilfinningar þeirra, áhugi og túlkun á aðstæðum skipti raunverulegu máli.

Í Núpi eru kenningar Bae notaðar til að efla hlý og traust tengsl milli barna og kennara. Með því að sýna næmni, gefa börnum tíma til að tjá sig og hlusta á þau með opnum huga er stuðlað að jákvæðri sjálfsmynd, öryggi og virku félagslegu umhverfi (Bae, 2012).

Lev Vygotsky

Félagsleg Hugsmiðahyggja



Vygotsky lagði áherslu á að nám sé félagslegt ferli og að börn læri best í samskiptum við aðra. Hugtakið „svæði mögulegs þroska“ (e. Zone of proximal development) lýsir því að kjöraðstæður fyrir nám skapast þegar börn fá með stuðningi á takast á við verkefni sem eru örlítið fyrir ofan núverandi getu, en þó ekki of erfið. Tungumál og samvinna eru því lykilverkfæri í þroska og námi barna. Í Núpi eru hugmyndir Vygotskys nýttar með því að skapa umhverfi þar sem börn læra saman í leiknum, fá stuðning með spurningum og leiðsögn og eru hvött til að setja orð á hugsun sína. Þannig verður námið lifandi ferli þar sem börn tengja saman reynslu, orð og skilning (Vygotsky, 1978).

Kamii og DeVries-Sjálfræði

Kamii og DeVries byggja á hugmyndum Piaget og leggja áherslu á sjálfræði barna sem grunn að félags- og vitsmunabroska. Með því að fá tækifæri til að leysa vandamál sjálf, taka ákvarðanir og semja við aðra verða börn virk, ábyrg og skapandi í leik og námi.

Í Núpi birtast kenningar þeirra í því hvernig börnum er treyst fyrir eigin verkefnum, valmöguleikum og lausnaleit. Kennarar skapa rými fyrir sjálfstæða hugsun með opnum verkefnum og aðstæðum þar sem börn fá að prófa sig áfram án þess að lausnin sé fyrirfram ákveðin (Kamii & DeVries, 1993).



John Dewey-Framfarastefnan

John Dewey taldi börn læra best í gegnum eigin reynslu og virka þátttöku. Þau þroska skilning sinn með því að kanna, prófa og tengja nýjar upplýsingar við fyrri þekkingu. Nám á að vera merkingarbært, bundið í raunveruleg verkefni og byggja á áhuga barna. Það endurspeiglast í hinum fleygu orðum Dewey “learning by doing”

Í Núpi er nálgun Deweys nýtt til að skapa lífandi nám þar sem börn fá tækifæri til að tengja saman leik, sköpun, hreyfingu og raunverulegar aðstæður. Með því að læra í verki öðlast börn dýpri skilning og sterkari tengingu við eigið nám (Dewey, 1938).



Mihaly Csikszentmihalyi

Flæði

Csikszentmihalyi lýsti flæði sem ástandi þar sem einstaklingur sekkur sér í verkefni eða leik með slíkri einbeitni og ánægju að annað viku til hliðar. Þegar börn upplifa flæði eykst áhugi þeirra, sjálfstraust og þrautseigja og námið verður náttúrulegt og ánægjulegt.

Í Núpi er lögð áhersla á að skapa aðstæður sem styðja við flæði, til dæmis með því að veita börnum nægan tíma og rými í verkefnum, hlýjan stuðning og fjölbreyttan efnivið. Þegar verkefni eru hvorki of erfið né of auðveld blómstrar leikurinn og börn fá að upplifa djúpa gleði og einbeitingu(Csikszentmihalyi, 1990).



Barnasáttmáli og heimsmarkmið

Sameinuðu Þjóðanna

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna og Heimsmarkmið um sjálfbæra þróun mynda mikilvægan ramma utan um allt starf Kópavogsbæjar. Þótt í Núpi sé ekki unnið markvisst eftir þessum skjölum sem sérstakri aðferð eða verkefni, samræmist daglegt starf leikskólans helstu áherslum þeirra. Sáttmálarnir minna okkur á grunnildi sem leggja grunn að öryggi, lýðræði og mannréttindum barna, sem og ábyrgri umgengni við samfélag og náttúru.



Barnasáttmálinn

Kópavogsbær er Barnvænt sveitarfélag og leggur áherslu á að réttindi barna endurspeglast í öllu starfi. Barnasáttmálinn byggir á virðingu fyrir börnum sem fullgildum einstaklingum með rétt til verndar, þátttöku og tjáningar.

Í Núpi birtist sáttmálinn í daglegum samskiptum og vinnubrögðum þar sem m.a. er:

- hlusta á sjónarmið barna og þeim sköpuð tækifæri til að taka þátt í ákvörðunum sem varða þau,
- lögð áhersla á öryggi, vellíðan og jafnræði,
- unnið með inngildingum þannig að öll börn upplifi sig séð, viðurkennd og metin að verðleikum,
- Réttindi þeirra virt.



Child
Friendly
Cities
Initiative



Heimsmarkmið um sjálfbæra þróun

Kópavogsbær hefur í mörg ár unnið að innleiðingu Heimsmarkmiðanna og hvetur stofnanir sínar til að hafa þau að leiðarljósi. Í Núpi eru Heimsmarkmiðin ekki unnin sem afmarkað verkefni, en þau hafa áhrif á viðhorf og starfshætti okkar – sérstaklega þegar kemur að:


- virðingu fyrir umhverfinu,
- fjölbreytileika og jafnrétti,
- vellíðan og heilsuefningu,
- virkri þátttöku barna í samfélaginu,
- sjálfbærni í efniviðar- og matvælanotkun.

Starfið okkar einkennist af því að börn læra að bera virðingu fyrir náttúrunni, taka þátt í umsjón með umhverfi sínu og haga sér á ábyrgan hátt í leik og starfi.



HEIMSMARKMIÐIN

Markmið Sameinuðu þjóðanna
um sjálfbæra þróun



Sjálfsprottinn leikur og nám

Sjálfsprottinn leikur er meginnámsleið barna og órjúfanlegur þáttur bernskuáranna. Í leiknum rannsaka börn umhverfi sitt, skapa merkingu og þróa félagsfærni, ímyndunarafl og sjálfstæða hugsun. Þegar börn leika sér saman mynda þau félagslega hópa og læra að setja fram hugmyndir, hlusta á aðra, semja um reglur og leysa úr ágreiningi.

Sjálfsprottinn leikur kallar á fjölbreytta notkun tungumálsins, hreyfingu, tilfinningatengsl og skapandi hugsun. Hann er lifandi ferli sem byggir á frumkvæði barna og gefur þeim tækifæri til að vinna eftir eigin áhuga, getu og hugmyndum.





Leikskólakennarar skulu vera mótandi í leik barna með því að:

- skapa fjölbreytt leikumhverfi og veita aðgengi að leikefni sem hvetur börn til að rannsaka, finna lausnir og skapa
- gefa leik nægan og samfelldan tíma
- gefa leik nægjanlegt rými svo að börn hafi svigrúm til að hreyfa sig, þróa leik og dýpka
- styðja við sjálfsprottnar athafnir og áhuga
- eiga samskipti við börn og mynda tengsl við þau í gegnum leik
- vera vakandi fyrir þeim tækifærum sem upp koma í leik barna og nota þau til að kveikja áhuga og styðja við nám þeirra
- styðja við og efla jákvæð samskipti í leik
- sjá til þess að öll börn hafi tækifæri til þátttöku í leik úti og inn

Námsumhverfi



Námsumhverfið í Núpi er hannað til að styðja sjálfsprottinn leik, forvitni og fjölbreyttar leiðir barna til náms. Rými og efniviður eru aðgengilegir og hvetjandi, þannig að börn geti kannað, skapað og unnið út frá eigin hugmyndum og styrkleikum.

Umhverfið á jafnframt að tryggja inngildingu og að öll börn upplifi sig sem fullgilda þátttakendur í samfélagi leikskólans. Með vel skipulögðu rými og fjölbreyttum efniviði er skapað svigrúm fyrir mismunandi þarfir, áhuga og tjáningarleiðir barna.

Kennarar móta umhverfið og aðlaga það reglulega í takt við leik og áhuga barnanna. Með næmri athugun og faglegrri nálgun styðja þeir við leik barna án þess að taka stjórnina, og skapa þannig aðstæður þar sem leikur, lærdómur og vellíðan mynda eina heild.

Inngilding og fullgildi



Inngilding (e. Inclusion) felur í sér að öll börn hafi raunverulegan aðgang að leik, námi og samskiptum, óháð bakgrunni, þörfum eða hæfni. Hún tryggir að börn tilheyri hópnum og fái tækifæri til þátttöku á eigin forsendum. Fullgildi (e. Belonging) vísar til þess að börn séu viðurkennd sem virkir og hæfir þátttakendur í samfélagi leikskólans, með rétt til að láta rödd sína heyrast, taka þátt í ákvarðanatöku og hafa áhrif á eigið nám. Í Aðalnámskrá leikskóla er lögð rík áhersla á lýðræði, mannréttindi og jafnrétti sem undirstöðu þess að öll börn njóti inngildingar og séu metin sem fullgildir þátttakendur í skólasamfélaginu. Í Núpi eru þessi hugtök hluti af daglegum starfsháttum. Kennarar skapa umhverfi sem tryggir að öll börn finni sér stað í leik og námi, upplifi sig séð og virt og hafi tækifæri til að taka þátt á eigin forsendum. Með virkri hlustun, næmni og sveigjanlegu skipulagi er stuðlað að því að börn fái að hafa áhrif á leik, verkefni og samskipti. Áhersla er á að meta fjölbreytileika barnahópsins sem styrkleika og að hvert barn upplifi að það skipti máli.

Skólapijónusta

Nám án aðgreiningar felur í sér að öll börn hafi jafnan rétt til þátttöku, náms og félagslegra tengsla. óháð þörfum, bakgrunni eða aðstæðum. Markmiðið er að skapa samfélag þar sem fjölbreytileiki barnahópsins er metinn sem styrkur og hvert barn fær tækifæri til að þroskast á eigin forsendum.

Í Núpi er nám án aðgreiningar hluti af daglegu starfi og byggist á virku samstarfi kennara, foreldra og sérfræðinga þegar þörf krefur. Kennarar fylgjast náið með þroska og líðan barna og aðlaga umhverfi, stuðning og aðferðir þannig að þau geti tekið þátt í leik og námi með sínum hópi.

Stuðningur, aðlögun og einstaklingsmiðaðar lausnir eru samþættar í daglegu starfi, fremur en að búa til sérúrræði sem geta aðgreint börn frá hópnum. Þegar þörf er á sérkennslu eða markvissum stuðningi fer hann fram í nánnum tengslum við leik og daglegt starf barnsins, í samráði við foreldra. Markmiðið er að tryggja að öll börn upplifi sig sem virka og fullgilda þátttakendur í samfélagi leikskólans.

Með því er stuðlað að jákvæðri sjálfsmynd, öryggi og félagsfærni barna og tryggt að þau fái jöfn tækifæri til þátttöku – í samræmi við leiðarljós Aðalnámskrár og áherslur Núps um inngildinguna, virðinguna og leik sem sameiginlegan vettvang náms.



Farsæld barna



Á Íslandi hafa ný lög um samþætta þjónustu í þágufarsældar barnatekið gildi. Farsæld vísar í aðstæður þar sem barn getur náð fullum þroska og heilsu á eigin forsendum til framtíðar. Lögin tryggja síðan að börn og fjölskyldur þeirra falli ekki á milli kerfa og barnið verður þannig hjartað í kerfinu. En til þess að styðja við að börnin fái rétta þjónustu, frá réttum aðilum, á réttum tíma geta þau óskað eftir samþættri þjónustu. Með því er átt við samhæfða stuðningsþjónustu með áherslu á samvinnu og greiðari boðleiðir á milli mennta-, velferðar- heilbrigðis- og tómsunda-kerfis. Samþættingin getur verið tímabundin vegna ákveðinna aðstæðna sem upp koma eða langvarandi.

Barna- og fjölskyldustofa (BOFS) styður jafnframt við samþættingu þjónustu með leiðbeiningum og stuðningsefni fyrir þá sem þjónusta börn og foreldra, auk upplýsinga til barna og foreldra þeirra.

Tengiliðir farsældar í Núpi eru sérkennslustjórar skólans. Foreldrar geta leitað til þeirra óski þeir eftir nánari upplýsingum eða aðstoð

Í Jafnrétti felur í sér að öll börn hafi jafnan rétt til þátttöku í leik og starfi, óháð bakgrunni, hæfni eða aðstæðum. Í daglegu starfi í Núpi er unnið gegn hindrunum og staðalmyndum og lögð áhersla á að öll börn upplifi sig séð, virt og samþykkt. Með því að skapa umhverfi þar sem fjölbreytileiki er metinn sem styrkur og rödd hvers barns skiptir máli, styrkjum við sjálfsmynd þeirra og tilfinningu fyrir tilheyr.



Sambætt og skapandi leikskólastarf

námssvið leikskóla

Sambætt og skapandi leikskólastarf í Núpi byggir á þeim áherslum Aðalnámskrár leikskóla að nám barna sé heildstætt, merkingarbært og sprottið af leik, forvitni og virkri þátttöku. Námssviðin læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning fléttast eðlilega saman í daglegt líf barnanna og tengjast leik þeirra, reynslu og hugmyndum.

Skapandi og sambætt starf styður við fjölbreytta tjáningu og eykur sjálfsmynd og sjálfstæði barna. Um leið tryggir það að öll börn geti tekið þátt á eigin forsendum, fundið styrkleika sína og upplifað sig sem virka þátttakendur í samfélagi leikskólans. Þannig endurspeglast gildi Aðalnámskrár um lýðræði, virðingu, fjölbreytileika og leik sem grunn að öllu námi.



Læsi og samskipti



Læsi og samskipti eru grundvallarpættir í námi barna og eiga rætur í félagslegum samskiptum og daglegri þátttöku þeirra í leik og starfi. Í anda Aðalnámskrár leikskóla er læsi skilgreint í víðum skilningi og tekur til bæði munnlegrar og ómunnlegrar tjáningar, túlkunar, samræðna og merkingarsköpunar. Börn læra að tjá sig og lesa í umhverfi sitt í gegnum leik, samskipti og sameiginlega reynslu, þar sem þau skapa merkingu í samstarfi við aðra.

Í Núpi eru fjölbreytt tækifæri til að efla málproska, orðaforða og samskiptafærni. Í samverustundum er unnið markvisst með lestur, sögur, þulur og vangaveltur. Þar fá börn rými til að spyrja, segja frá og taka þátt í umræðum. Dagskipulagið er sýnilegt og aðgengilegt öllum börnum og styður þau í að átta sig á tíma, rými og næstu skrefum í deginum.

Læsi og samskipti

Læsi á sér stað víða. Í leik lesa börn í félagslegar aðstæður, túlka reglur leiksins og semja um framvindu hans. Í útiveru og vettvangsferðum lesa börn í umhverfi sitt, tákni, reglur og merkingu staða og aðstæðna. Með þessum hætti tengist læsi leik, hreyfingu, ímyndunarafli og samskiptum og verður hluti af heildrænu námi barna. Samspil þessara þátta styrkir sjálfstraust, tjáningu og hæfni barna til að skilja heiminn og hafa áhrif á hann.



Heilbrigði og velliðan

Öll börn eiga rétt á að læra og þroskast í öruggu umhverfi þar sem þeim er mætt að virðingu. Heilbrigði grundvallast á andlegri, líkamlegri og félagslegri líðan. Jákvæð samskipti eru grunnur að velliðan. Í gegnum virðingu, hlýju og leiðsögn læra börn að tjá sig, hlusta og leysa úr ágreiningi.



Matmálstímar leikskólans styðja við heilsu og sjálfræði barna. Þau fá hollan, fjölbreyttan mat og eru hvött til að hlusta á eigið magamál og borða eftir þörfum. Flæðandi matartímar efla sjálfshjálp, borðsiði og félagsfærni.

Hreyfing er ríkur þáttur í daglegu starfi. Í hreyfisol, útiveru og vettvangsferðum fá börn að skynja líkama sinn, takast á við áskoranir og þjálfra seiglu og áræðni.

Hreinlæti er samofið uppeldisstarfinu og styður við heilbrigða líkamsvitund. Börn tileinka sér daglegar venjur eins og handþvott og skilja mikilvægi þeirra í umhyggjusömu umhverfi.

Heilbrigði og vellíðan

Svefn og hvíld eru sérstaklega mikilvægir þættir í vellíðan barna. Börn þurfa reglubundinn svefn til að styðja við heilbrigðan taugaproska, einbeitingu og tilfinningalegt jafnvægi. Hvíld yfir daginn hjálpar þeim að endurhlaða orku og vinna úr áreiti dagsins. Í Núpi er tekið mið af fjölbreyttum þörfum barna og þeim gefið rými til svefns eða rólegrar stundar í öruggu og friðsælu umhverfi. Börn sem ekki sofa fá tækifæri til að hvíla sig með slökun, núvitund eða róandi verkefnum, þar sem markmiðið er að stuðla að innri ró og vellíðan hvers barns.



Sjálfbærni og vísindi

Sjálfbærni og vísindi eru samofin daglegu starfi í Núpi og byggja á áherslum Aðalnámskrár leikskóla um að börn fái að þekkja umhverfi sitt, skilja tengsl manns og náttúru og læra á ábyrgan hátt í gegnum leik og rannsóknir. Áherslan er á að kveikja forvitni barna, hvetja til ígrundunar og stuðla að jákvæðu viðhorfi til náttúrunnar og samfélagsins sem þau tilheyra.

Í leik kanna börn umhverfi sitt með fjölbreyttum aðferðum. Þau spyrja spurninga, rannsaka og taka eftir breytingum í náttúrunni. Með því að fylgja áhuga og hugmyndum barnanna skapast tækifæri til að tengja saman reynslu, þekkingu og sköpun í lifandi og merkingarbæru námi. Börn læra að sjá samhengi, bera saman og draga ályktanir, sem styrkir vísindalega hugsun og skilning á umhverfinu.



Sjálfbærni og vísindi

Sjálfbærni birtist í daglegum venjum og viðhorfum. Börn fá að taka þátt í umhverfisvernd á einfaldan og raunhæfan hátt, til dæmis með því að flokka úrgang, læra um efnivið og nýtingu, sjá um plöntur og ræða hvernig við getum sýnt náttúrunni virðingu. Ræktunarverkefni og umsjón með nærumhverfinu hjálpa þeim að skilja uppruna matvæla og mikilvægi þess að hugsa vel um auðlindir jarðar.

Markmiðið er að börn upplifi að þau skipti máli í umhverfinu. Með því að tengja saman leik, athuganir og verkefni varðandi umhverfi og samfélag læra þau að bera ábyrgð, sjá áhrif eigin gjörða og þroska jákvætt viðhorf til sjálfbærrar framtíðar. Þannig fléttast sjálfbærni og vísindi inn í daglegt líf leikskólans, á náttúrulegan og skapandi hátt.



Sköpun og menning

Börn hafa ríka þörf fyrir að tjá sig með fjölbreyttum hætti og skapandi ferli er lykill að þroska, sjálfstrausti og gleði. Sköpun felur í sér að kanna, prófa, uppgötva og túlka heiminn með eigin hugmyndum. Þannig verða börn virkir þátttakendur í eigin námi.



Í Núpi er lögð áhersla á að umhverfið örvir skynjun, ímyndunarafl og sköpunarkraft barna. Efniviður er fjölbreyttur og aðgengilegur, og börnin fá svigrúm til að skapa á eigin forsendum eða í samvinnu við aðra. Sjálft sköpunarferlið er í forgrunni.

Gleðin, hugmyndirnar og tilraunirnar skipta meira máli en útkoman. Með slíkri nálgun skapast rými þar sem börn þora að prófa, endurskoða og þróa hugmyndir og læra að treysta eigin getu.

Sköpun og menning

Í Núpi er lögð áhersla á að umhverfið örvi skynjun, ímyndunarafl og sköpunarkraft barna. Efniviður er fjölbreyttur og aðgengilegur, og börnin fá svigrúm til að skapa á eigin forsendum eða í samvinnu við aðra. Sjálft sköpunarferlið er í forgrunni. Gleðin, hugmyndirnar og tilraunirnar skipta meira máli en útkoman. Með slíkri nálgun skapast rými þar sem börn þora að prófa, endurskoða og þróa hugmyndir og læra að treysta eigin getu.

Menning er samofin öllu starfi leikskólans og tengist leik barna, lýðræði skapandi starfi og þjóðmenningu. Í Núpi eru ákveðnar hefðir og eru þær mikilvægur hluti af menningu skólans og tengsl við sögu okkar og fortíð. Þar má nefna Sólstöðuhátíð, Þorrann, kvenna-, karla- og kváradaga og reglulegar söng- og menningarstundir sem bjóða börnum upp á tækifæri til að upplifa fjölbreytileika, tengjast samfélagi og læra um hefðir og menningu á skapandi hátt. Í gegnum þessa reynslu styrkja börn tilfinningu sína fyrir samfélagi, þátttöku og samkennd.



Fjölskyldan og leikskólinn

Í leikskóla er lögð áhersla á að samstarf heimilis og skóla byggji á gagnkvæmum skilningi og virðingu fyrir viðhorfum og þekkingu hvors annars. Samstarf þetta byggir á þeirri forsendu að forráðamenn beri meginábyrgð á uppeldi barna sinna. Mikilvægt er að þessir aðilar geti treyst hvor öðrum, deilt sjónarmiðum sínum og tekið sameiginlegar ákvarðanir er varða börn. Leitast er við að koma til móts við óskir forráðamanna svo framarlega að það komi ekki niður á gæðum starfsins, aðbúnaði og umönnun barna. Dagleg samskipti og upplýsingastreymi eru mikilvægir þættir til að stuðla að jákvæðu og traustu sambandi milli forráðamanna og leikskóla.



Fjölskyldan og leikskólinn



Lögð er áhersla á að fullur trúnaður ríki um allar upplýsingar er varða börn, forráðamenn þeirra og aðstandendur. Starfsfólk leikskólans undirritar þagnarheit sem helst þó látið sé af starfi og er skylt að gæta þagmælsku um atriði er það fær vitneskju um í starfi sínu.

Ef starfsfólk telur að líkamlegum og/eða andlegum þörfum barns sé ekki sinnt ber að tilkynna það barnaverndaryfirvöldum Kópavogsbæjar, sbr. 17. grein barnaverndarlaga (nr. 80/2002).

Markmið Núps í samstarfi með forráðamönnum eru að:

- rækta samvinnu og samskipti leikskólans og heimilanna
- veita foreldrum upplýsingar um starfsemi leikskólans
- stuðla að þátttöku foreldra í starfi leikskólans


Foreldraráð

Samkvæmt lögum um leikskóla skal kjósa foreldraráð.

Hlutverk foreldraráðs er m.a. að

- gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr.2.mgr4.gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans
- fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum
- foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Foreldraráð Núps hittist að meðaltali annan hvern mánuð, frá september til maí. Í foreldraráði sitja 3-4 fulltrúar foreldra, fulltrúi kennara, fulltrúi starfsmanna og leikskólastjóri.



Foreldrafélag



Foreldrafélag eflir tengsl forráðamanna og leikskólans, styður við starfsemi hans og aðbúnað. Félagið tekur þátt í ýmsum uppákomum í leikskólanum og gætir að hagsmunum barna.

Markmið foreldrafélagsins er að stuðla að velferð barna með því að:

- vera samstarfsvettvangur foreldra
- efla og tryggja gott samstarf foreldra og kennara leikskólans
- styðja heimili og leikskóla við að skapa börnunum góð uppeldisskilyrði.

Stjórn félagsins hittist um það bil einu sinni í mánuði og skipuleggur ýmsa viðburði fyrir börnin í samstarfi við leikskólann. Einn fulltrúi starfsmanna leikskólans situr fundi stjórnar foreldrafélagsins sem tengiliður leikskólans. Kosning stjórnar fer fram á sameiginlegum aðalfundi foreldrafélagsins og leikskólans.

Mat á skólastarfi

Mat á leikskólastarfi hefur þann tilgang að tryggja að réttindi barna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum. Mat á skólastarfi er þríþætt, mat á námi og velferð barna, mat á gæðum skólastarfsins sem starfsfólk leikskóla framkvæmir og er nefnt innra mat og mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila og er nefnt ytra mat.



Mat á námi og velferð barna

Mat á vellíðan og námi barna felur í sér að safnað er fjölbreyttum upplýsingum um þroska og nám hvers barns fyrir sig. Til að geta gegnt þessu margþætta hlutverki þarf mat að uppfylla þau skilyrði að vera réttmætt, áreiðanlegt og meti það sem það á að meta.

Í Núpi notum við eftirtaldir skimanir til að fylgjast með námi og þroska barna

- **TRAS** skráningarlisti til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna. Hægt er að skima eftir frávikum í mál- og félagsþroska barnanna með fyrirbyggjandi íhlutun í huga.
- **LANIS** skimunarlistinn fyrir frávikum í tal og málþroska
- **EFI-2** málþroskaskimun er ætlað að finna þau börn á fjórða ári sem víkja mest frá meðalfærni jafnaldra í málskilningi og máltjáningu.
- **Hæfniramar í íslensku** fyrir fjöltyngd börn er fyrst og fremst ætlað að vera uppspretta fjölbreytilegs leikskólastarfs sem styður við framfarir barna í íslensku. Viðmið Hæfnirammanna sýna þróun á færniþáttum við tileinkun annars tungumáls sem brýnt er að vinna markvisst með og þeirri hæfni sem börnin þurfa að ná á þessu fyrsta skólastigi.
- **HLJÓM-2** er aldursbundin skimun sem er lögð fyrir til að meta hljóðkerfis- og málvitund barna í elsta árgangi leikskólans. Niðurstöður Hljóm hafa forspárgildi fyrir áframhaldandi lestrarnám og þær fylgja því börnunum þegar þau færast yfir í grunnskóla.

Innra mat

Leikskólakennarar eru í lykilhlutverki við skipulagningu og framkvæmd innra mats. Mikilvægt er að mat byggi á þátttöku og samvinnu leikskólakennara, foreldra og barna. Matsáætlun sem unnin var af leikskóladeild fyrir leikskóla Kópavogs er höfð til hliðsjónar við gerð matsáætlunar Núps. Matsþættir eru metnir með fjölbreyttum aðferðum, svo sem spurningalistum starfsfólks og rýnihópum barna.

Nánar er fjallað um útfærslur á mati í starfsáætlun leikskólans, sem gefin er út árlega og er birt á heimasíðu skólans



Ytra mat

Ytra mat er framkvæmt af utanaðkomandi aðilum, til dæmis leikskóladeild menntasviðs Kópavogs eða öðrum sem sveitarfélagið felur verkefnið. Markmiðið er að tryggja að leikskólinn uppfylli lög, reglugerðir og fagleg viðmið og að gæðastarf sé tryggt á öllum sviðum. Ytra mat styður við stöðuga umbótastarfsemi og gefur leikskólanum tækifæri til að fá faglega ráðgjöf og ný sjónarhorn á starfseminum.

Mannauður

Í Núpi starfar fjölbreyttur hópur starfsfólks með víðtæka reynslu og þekkingu. Lögð er áhersla á fagmennsku, samvinnu og metnað í starfi.

Starfsmannastefna leikskólans felur í sér að hafa á að skipa metnaðarfullt starfsfólki sem vinnur sameiginlega að velferð og hag allra barna. Í stjórnun skólans er lögð áhersla á að starfsfólk fái tækifæri til að vaxa og þróast í starfi, bæði faglega og persónulega. Mikilvægt er að rödd starfsfólks heyrast og að virkt samtal og samráð sé hluti af daglegu starfi. Leitast er við að skapa lýðræðislegt og uppbyggilegt starfsumhverfi þar sem starfsfólk fær stuðning, hvatningu og tækifæri til að leggja sitt af mörkum til þróunar leikskólastarfsins.

Starfsfólk hefur gert með sér sameiginlegan sáttmála um samskipti sem endurspeglar þau gildi sem starfið byggir á. Sáttmálinn styður við jákvæð og virðingarrík samskipti, samvinnu og traust innan starfsmannahópsins og styrkir þannig faglegt samfélag leikskólans.

Við leikskólann er starfsmannahandbók sem veitir starfsfólki upplýsingar um verklag, gildi og starfshætti leikskólans og styður við skýra og samræmda framkvæmd starfsins.

Leikskólinn leggur jafnframt áherslu á að taka vel á móti nýju starfsfólki. Nýir starfsmenn fá leiðsögn og regluleg leiðbeinandi samtöl við deildarstjóra fyrstu mánuðina í starfi með það að markmiði að styðja við aðlögun, vellíðan og faglega þróun í starfi.

Samstarf skólastiga

Samstarf leik- og grunnskóla er mikilvægur þáttur í því að tryggja samfellu í námi og styðja við velferð barna þegar þau stíga sín fyrstu skref milli skólastiga. Í Aðalnámskrá leikskóla (2011) er lögð áhersla á að þessi yfirfærsla sé markviss, skipulögð og byggji á traustu samstarfi fjölskyldu, leikskóla og grunnskóla. Gott samstarf skapar samfellu, öryggi og jákvæðar væntingar til nýs námsumhverfis.



Í Núpi er unnið náið með Lindaskóla til að tryggja að börn fái mjúka og farsæla tengingu við grunnskólann Elstu börnin, Meistarar, taka þátt í fjölbreyttum verkefnum sem tengjast leikskóladegi þeirra og búa þau undir nám í grunnskóla. Þessi verkefni eru unnin samkvæmt sérstakri starfsáætlun sem tryggir að áherslur leikskólans, leikur, sköpun, samvinna og virk þátttaka fylgi þeim yfir á næsta skólastig.

Samstarf skólastiga

Börn fá tækifæri til að heimsækja grunnskólann, hitta starfsfólk og kynnast rýmum og venjum sem bíða þeirra á næsta vetri. Slík samvera dregur úr óvissu, eflir sjálfstraust og gerir börnum kleift að sjá sjálf sig í nýjum hlutverkum. Á sama tíma fær grunnskólinn innsýn í styrkleika, áhuga og þarfir barnanna, sem auðveldar skipulagningu og móttöku.



Þegar leikskóli og grunnskóli vinna saman á markvissan hátt myndast samfella í námi barna. Börnin skynja að þau séu studd, séð og metin í ferlinu og upplifa að umbreyting á milli skólastiga sé bæði náttúruleg og spennandi. Slíkt samstarf leggur grunn að jákvæðri grunnskólabyrjun og styrkir ánægjulegt og farsælt námsferli áfram inn í grunnskólann.

Öryggismál


Kópavogsbær hefur sett sér það markmið að vera slysalaus vinnustaður. Til að svo megi verða þarf að efla öryggisvitund starfsfólks og stuðla að öflugri öryggismenningu.

Kópavogsbær leggur áherslu á að öryggi starfsfólks, nemenda og annarra þjónustupega sé í fyrirrúmi og að leita allra leiða til að efla öryggi.

Forvarnir og góð vinnubrögð skapa öruggara umhverfi sem fyrirbyggi óhöpp og slys. Í öryggisstefnu bæjarins felst meðal annars að á öllum vinnustöðum verði til staðar virkar öryggisnefndir og starfsfólk bæjarins vinni eftir samþykkt um öryggismál.

Áfallaráð

Áfallaráð er teymi innan skólans sem er ávallt í viðbragsstöðu ef upp koma áföll í skólanum. Ráðið vinnur eftir áfallaáætlun leikskólans þar sem fjallað er um vinnuferli til að styðjast við þegar áföll verða.



Lokaorð

Í Núpi viljum við skapa daglegt líf þar sem börn njóta bernsku sinnar í öryggi, leikgleði og virðingu. Skólanámskráin okkar er lifandi leiðarvísir að slíku umhverfi: hún byggir á leik og forvitni, hlýjum samskiptum og þeirri trú að hvert barn hafi rödd, styrkleika og rétt til að blómstra á eigin forsendum.

Leikskólinn er samfélag þar sem börn, foreldrar og starfsfólk taka höndum saman við að skapa hlýtt og fjölbreytt rými til þess að spyrja, prófa og uppgötva. Með skýrri stefnu og daglegri umhyggju styður námskráin við sjálfstæði, sköpun og vellíðan, börn finna að þau skipta máli og upplifa að þau séu séð.

Með þessi gildi að leiðarljósi leggjum við grunn að góðum dögum sem börnin minnst með hlýju í framtíðinni.

